

Nd.

377. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

g-liður 7. gr. orðist svo: Hefir verið háseti eftir 16 ára aldur að minsta kosti 24 mánuði á skipum ekki minni en 12 rúml., og af þeim tíma minst 12 mánuði háseti á skipi ekki minna en 20 rúml., eða verið formaður á vjelbát ekki minni en 6 rúml. í 12 mánuði og háseti minst 12 mánuði á skipi eigi minna en 20 rúml.

2. gr.

8. gr. hljóði þannig:

Próf það, sem um getur í 7. gr., skal halda í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum, og skulu þau haldin að afloknu námskeiði, sem Fiskifjelag Íslands sjer um, að haldið verði á ofanefndum stöðum. Námskeið skal skemst vera 12 vikna tíma. Undir prófið geta ekki gengið aðrir en þeir, sem lært hafa á námskeiðinu. Prófið skal halda einu sinni á ári, í desember—apríl eftir fyrirætlum Fiskifjelags Íslands. Í hverri prófnefnd eru 3 menn. Í Reykjavík forstöðumaður stýrimannaskólans, sem og er

formaður prófnefndar, kennari námsskeiðsins og þriðji maður, sem er umferðarprófdómari. Utan Reykjavíkur eru prófdómendur: umferðarprófdómari, sem og er formaður prófnefndar, kennari námsskeiðsins og þriðji maður, sem að minsta kosti hefir leyst af hendi fiskimannapróf með góðum vitnisburði. Umferðarprófdómari skal hafa leyst af hendi farmannspróf með góðum vitnisburði. Bæði hann og þriðji prófdómari skulu skipaðir af atvinnumálaráðuneytinu eftir tillögu forstöðumanns stýrimannaskólans í Reykjavík.

Prófverkefni, munnleg og skrifleg, semur forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík.

Atvinnumálaráðuneytið semur ítarlegar reglur um kenningu og prófið og fyrirmynd fyrir prófvottorðum. Hver sá, er staðist hefir prófið, fær vottorð um það að afloknu prófi.

Allur kostnaður við prófið greiðist úr ríkissjóði, þar með talið ferðakostnaður og kaup umferðarprófdómans.

3. gr.

18. gr. orðist þannig:

Ekkert íslenskt skip, sem stærra er en 20 rúmlesta, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða milli Íslands og annara landa, eða í innanlandssiglingum, nema því aðeins, að á því sje lögskráður að minsta kosti einn stýrimaður, auk skipstjóra. Á flutningaskipum 300 rúmlesta eða meira skulu þó lögskráðir stýrimenn vera minst tveir. Á bátum alt að 30 rúmlesta, er að jafnaði koma daglega úr róðri, skal þó eigi skylt að hafa lögskráðan stýrimann.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 49, 27. júní 1925, um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Greinargerð.

Fyrir síðasta Fiskipingi lá krafa frá Ísfirðingum um stofnun stýrimannaskóla á Ísafirði. Fiskipingið hefir mælt með þessari kröfu og skorað á Alþingi að verða við henni hið bráðasta. Skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík hefir aftur á móti ekki talið þörf á slíkum skóla, en leggur til, að sjerstakt námsskeið verði haldið við stýrimannaskólann fyrir smáskipayfirmenn. Sjávarútvegsnefndin telur nauðsyn á, að hér eftir verði gerðar strangari kröfur til smáskipaprófanna en hingað til hefir verið, þaræð rjettindatakmörkin hafa verið hækkuð úr 30 rúmlesta skipum upp í 60 rúmlesta skip. En nefndin telur, að úr þessu verði bætt á hagkvæmastan hátt með því að sjá þessum mönnum fyrir betri og meiri kenningu en hingað til hefir verið á námsskeiðum þeim, er haldin hafa verið öðru hvoru í Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði, og koma meira samræmi á smáskipaprófin en verið hefir. Að þessu stefnir 2. gr. frv., og er þetta aðalbreytingin á gildandi lögum.

1. gr. frv. felur í sjer þær breytingar frá gildandi skilyrðum fyrir smá-

skipaprófi, að sá, er próf tekur, hafi verið háseti að minsta kosti í 12 mánuði á ekki minna en 20 rúmlesta skipi af þeim 24 mánaða sjómenskutíma, sem minst er krafist, í stað þess, að nú er nægilegt, að hann hafi verið háseti á ekki minna en 12 rúmlesta skipi í 24 mánnði eða formaður á ekki minna en 10 rúmlesta vjelbát í jafnlangan tíma. Þykir rjett að krefjast æfingar á nokkru stærri skipum en gildandi lög ákveða, sakir þess að smáskipaprófum fylgja nú rjettindi til formensku á 60 rúmlesta skipum, í stað 30 rúmlesta áður. Þeim til hægðarauka, er formenn hafa verið á 6—10 rúmlesta vjelbátum ekki skemur en 12 mánnði, er hjer ákveðið, að þetta nægi til smáskipaprófs, í stað ekki minna en 10 rúmlesta samkvæmt gildandi lögum. Þykir það fært sakir þess, að hjer er jafnframt auk þessa krafist 12 mánaða sjómensku á stærri skipum en nú er gert.

Í 3. gr. frv. er tekin upp 18. gr. laganna, með þeim breytingum, er á henni voru gerðar með lögum nr. 49, 27. júní 1925, og litilsháttar orðabreytingum. Er þetta gert til hægðarauka, því að jafnframt má fella úr gildi lögum frá 1925.